

Styrkir til þróunar og nýsköpunar í framhaldsfræðslu 2022

Upplýsingar um vinnuferli og viðmiðanir

Fræðslusjóður starfar skv. lögum nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Meðal hlutverka sjóðsins er að veita styrki til nýsköpunar- og þróunarverkefna. Stjórn sjóðsins auglýsir eftir styrkumsóknum í lok mars og er umsóknarfrestur fimm vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Úthlutun skal liggja fyrir eigi síðar en í lok maí. Skulu umsækjendur vera upplýstir um ákvörðun stjórnar og úthlutun birt á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA), www.frae.is. Sótt er um sérstökum eyðublöðum á vef FA innan þess tímafrests sem opið er fyrir umsóknir og koma fram í auglýsingu.

Forgangssvið 2022 eru:

- Efla samstarf fræðsluaðila í þróun stafrænnar hæfni í kennslu, óháð búsetu. Gerð er krafa um samstarf minnst þriggja fræðsluaðila.
- Gerð og þróun rafrænna námsgagna, með áherslu á talað mál og menningu, í íslenskukennslu fyrir innflytjendur. Sérstök áhersla á neðri þrep evrópska tungumálarammans (A1, A2, B1).
- Hæfnigreiningar og starfaprófillar í samstarfi atvinnulífs og fræðsluaðila eða Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. .

1. Hverjir geta sótt um?

Öllum er heimilt að sækja um styrk. Styrkþegi þarf að geta sýnt fram á:

- hvernig markmið verkefnis falli að lögum um framhaldsfræðslu nr. 27.2010.
- faglega þekkingu eða reynslu sem gerir honum kleift að vinna verkefnið.
- hvernig verkefnið tengist 2. gr. laga um framhaldsfræðslu.

2. Styrkupp hæð

Til úthlutunar árið 2022 eru allt að 40.000.000 kr. Hámarksupp hæð sem úthlutað er til einstakra verkefna er 3.300.000 kr.

Ekki er veittur hærri styrkur en nemur kostnaði við verkefni sem sótt er um.

3. Afgreiðsla umsókna og úthlutun

Stjórn Fræðslusjóðs skipar fimm manna matsnefnd sem metur umsóknir og gerir tillögur til stjórnar Fræðslusjóðs um úthlutun styrkja í samræmi við reglur sjóðsins.

Við mat á umsóknum er fyrst og fremst metið hvaða nýsköpun og þróun felst í verkefni, innan ramma laga um framhaldsfræðslu og forgangssviða stjórnar, hversu trúverðugt verkefnið er og hversu líklegt er að yfirlýst markmið þess náist. Einnig er tekið mið af því á hvern hátt verkefni nýtist innan framhaldsfræðslunnar, hvort það þjóni þörfum markhóps framhaldsfræðslulaga, hvort markmið verkefnis séu vel skilgreind og hvort gert sé ráð fyrir tilraunakennslu og forpröfunum þegar það á við. Þá er lagt mat á hvort sundurliðuð verk-, tíma-, kostnaðar- og fjármögnunaráætlun sé skýr og raunhæf og hvort sýnt sé fram á að verkefnið sé fullfjármagnað fáist til þess styrkur. Samstarf við viðurkennda fræðsluaðila um verkefnið er álitid kostur og óskað er eftir staðfestum gögnum og lýsingu á samstarfinu.

Hafi umsækjandi áður fengið styrk úr sjóðunum þarf hann að hafa staðið við skilmála vegna fyrri styrkja til að ný umsókn komi til greina.

Úthlutun skal lokið í maí ár hvert og skal niðurstaðan tilkynnt umsækjendum svo fljótt sem verða má. Upplýsingar um nöfn styrkþega, heiti verkefna og styrkfjárhæðir eru birtar á vef sjóðsins.

4. Verkefni sem hljóta styrk

Gerður er sérstakur úthlutunarsamningur við styrkhafa, þar sem fram koma m.a. samningsskilmálar Fræðslusjóðs, meðferð höfundarréttar þar sem við á, áætlun verklok og greiðslufyrirkomulag styrks. Verkefni mega ekki taka lengir tíma en tvö ár frá úthlutun.

Greiðslur:

Fyrsta greiðsla styrks er 40% af heildarupphæð og fer fram við undirritun samnings. Önnur greiðsla, 30% af styrkupphæðinni, fer fram þegar áfangaskýrsla hefur verið samþykkt. Lokagreiðsla, 30% af styrkupphæðinni, fer fram þegar styrkþegi hefur uppfyllt skilyrði styrksins, eigi síðar en tveim árum eftir undirritun samnings.

5. Áfangaskýrsla

Áfangaskýrsla skal skila til Fræðslusjóðs áður en önnur greiðsla fer fram. Í áfangaskýrslu skal gera grein fyrir framvindu verkefnis, m.a. hvernig gengið hefur að vinna eftir upphaflegri verk- og tímaáætlun og greina frá frávikum séu þau einhver. Þegar hún hefur verið samþykkt er heimilt að greiða styrkþega aðra greiðslu, 30% af heildarupphæð samnings. Leiðbeiningar um gerð áfangaskýrslu eru neðst í þessu skjali.

6. Úthlutunarsamningur og verklok

Styrkþegi skal staðfesta úthlutunarsamning innan mánaðar frá tilkynningu um úthlutun, að öðrum kosti afturkallar stjórn sjóðsins styrkinn.

Að verkefni loknu skal styrkhafi skila afurðum verkefnisins, lokaskýrslu, fjárhagsuppgjöri og ca. 200 orða frétt til kynningar á verkefninu, til birtingar á vef FA, til Fræðslusjóðs. Lokaskýrsla er birt á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Styrkhafa ber að skila afurðum fullunnins verkefnis eigi síðar en tveimur árum frá dagsetningu verksamnings. Leiðbeiningar um gerð lokaskýrslu eru neðst í þessu skjali. Lokagreiðsla fer fram þegar styrkþegi hefur uppfyllt skilyrði vegna styrks.

7. Endurkröfuréttur

Ef verkefni er ekki unnið í samræmi við umsókn eða úthlutunarsamning hefur Fræðslusjóður heimild til að krefjast endurgreiðslu styrks að hluta eða heild eða fella lokagreiðslu niður. Áður en slík ákvörðun er tekin skal gefa styrkþega tækifæri til að skýra mál sitt.

8. Ábyrgð

Styrkþegi ábyrgist að styrknum verði einungis ráðstafað til verkefnisins, í samræmi við áætlun sem kemur fram í umsókn og þau markmið sem þar er lýst. Jafnframt skuldbindur styrkþegi sig til að skila áfangaskýrslu, lokaskýrslu, fullnum afurðum verkefnis og fjárhagsuppgjöri.

9. Kæruréttur

Ákvarðanir Fræðslusjóðs samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu sæta ekki kæru til ráðherra.

Sjá einnig Skilmála og úthlutunarreglur Fræðslusjóðs á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (www.frae.is/fraedslusjodur)

Leiðbeiningar við gerð loka- og áfangaskýrslu til Fræðslusjóðs vegna styrks til nýsköpunar- og þróunarverkefna.

Leiðbeiningar við gerð áfangaskýrslu

- Áfangaskýrslu skal skila til Fræðslusjóðs áður en önnur greiðsla skv. samningi fer fram.
- Áfangaskýrsla skal berast þegar verkefni er um það bil hálfnað skv. áætlun, þó ekki síðar en einu ári eftir úthlutun.
- Í áfangaskýrslu skal gera ítarlega grein fyrir framvindu verkefnisins á þeim tíma sem liðinn frá úthlutun og þar til áfangaskýrslu er skilað. Í henni skal koma fram hvernig gengið hefur að vinna eftir upphaflegri verk-, tíma- og kostnaðaráætlun og greina frá frávikum, séu þau einhver.
- Meti styrkþegi það svo að frávik frá verk- og tímaáætlun séu veruleg skal gera grein fyrir því sérstaklega og jafnframt útskýra hvernig brugðist verði við.
- Sé framvinda ekki í samræmi við umsókn eða skýringar ófullnægjandi getur Fræðslusjóður dregið greiðslu þangað til úr hefur verið bætt.

Leiðbeiningar við gerð lokaskýrslu

Gert er ráð fyrir að eftirfarandi atriði séu höfð til hliðsjónar við gerð lokaskýrslu:

- Lokaskýrslan verður birt á vef Fræðslusjóðs, www.frae.is
- Skýrslunni skal skila í pdf-sniði.
- Á forsíðu skýrslunnar komi fram nafn styrkþega, samstarfsaðila, úthlutunarár, heiti verkefnisins og að það sé styrkt af Fræðslusjóði.
- Afurðir verkefnisins skulu fylgja skýrslunni á rafrænu formi ef unnt er.
- Í skýrslunni skal verkefninu lýst og gerð grein fyrir framvindu þess, t.d. hvernig gekk að vinna einstaka þætti í samræmi við markmið í umsókn og fjárhags-, verk og tímaáætlun.
- Skila skal nákvæmu og sundurliðuðu kostnaðaruppgjöri í sérstöku skjali.
- Skila skal á sér skjali ca. 200 orða frétt/tilkynningu til kynningar á verkefninu á vef FA.